

Mánudaginn hinn 5. septembermánaðar.  
 Nr. 33/1898: Hannes Thorsteinson fyrir hönd  
 Jörgen Petersen & Co.  
 gegn  
 Rafni Sigurðssyni.

### Úrskurður:

Í máli þessu hefur áfrýjandinn með stefnu, dagsettri 9. júlí þ. á., skotið til yfirdómsins dómi gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 28. apríl þ. á. — en með honum er stefndi dæmdur til að greiða áfrýjandanum fyrir hönd Jörgen Petersen & Co. 214 kr. 21 e. með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og 20 kr. í málskostnað — og fjell málið í rjett í yfirdóminum 25. júlí þ. á. Hefur áfrýjandinn í málsútlitun sinni í yfirdóminum tekið það fram, að hann hafi neyðzt til áfrýjunarinnar sökum þess að stefndi hafi áður verið búinn að taka út áfrýjunarstefnu í málinu, er falla átti í rjett eigi fyr en 31. okt. þ. á., en sá stefnutrestur sje óhæfilega langur og að eins ætlaður til að draga málið. Hefur áfrýjandi því krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og stefndi dæmdur til að greiða málskostnað eptir rjettarins mati.

Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess *fyrst og fremst*, að málinu verði frávísað og sjer dæmdur hæfilegur kostur og tæring, en *til vara*, að hann fái frest til 31. okt. þ. á., eða að minnsta kosti nógu langan til þess að sameina áfrýjun sína við þessa áfrýjun, afla sjer upplýsinga frá

Kaupmannahöfn, sem ókomnar sjeu, og fá akt, sem hann ekki hafi getað fengið enn.

Stefndi hefur byggt frávisunarkröfu sína á því, að áfrýjandinn hafi eigi nefnt átrýjun sína gagnáfrýjun, þó að hún í raun og veru sje það, þar sem hann (stefndi) hafi áður verið búinn að áfrýja málinu, og í öðru lagi á því, að áfrýjandinn hafi eigi lagt fram í yfirdóminum akt af málinu, heldur að eins eptirrit af hinum áfrýjaða dómi. Þessar aðfinnslur stefnda eru þó eigi á rökum byggðar. Áfrýjandinn hefur eigi sett áfrýjun sína í neitt beint samband við átrýjun stefnda og hefur eigi ætlazt til, að sú áfrýjun rynni saman við áfrýjun stefnda, heldur væri sjálfstætt mál, og var hún því eigi nein gagnáfrýjun á málinu eða þurfti að nefnast svo. Og hvað hina frávisunarástæðuna snertir, var eigi nauðsynlegt fyrir áfrýjanda að leggja fram akt af málinu í yfirdómi, þar sem hann að eins stefndi dóminum til yfirjettar til staðfestingar. Frávisunarkrafa stefnda verður því eigi tekin til greina. En aptur á móti verður að sinna varakröfu hans um hæfilegalangan frest til að koma að áfrýjun sinni, til breytingar á dóminum. og útvega sjer akt í málinu, sem hann eigi tjáist hafa getað fengið enn, með því að þessari kröfu hans og staðhæfingu hefur eigi verið mótmælt af áfrýjanda, og ber því að veita honum 4 vikna frest í málinu í þessu skyni.

Því úrskurdast:

Frávisunarkrafa stefnda verður eigi tekin

til greina, en honum veitist 4 vikna frestur til að gagnáfrýja málinu til breytingar á dóminum.

Nr. 18/1898:

Halldór Bjarnarson

gegn

Jóhönnu Bjarnardóttur, Jóni Guðmundssyni, Birni Guðmundssyni, Vilborgu Guðmundsdóttur og Jakobínu Jónsdóttur.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað í hjerði af ekkju og 3 börnum og systur Guðmundar heitins hreppstjóra Jónssonar frá Grjótnesi gegn áfrýjandanum, Halldóri prófasti Bjarnarsyni á Presthólum, út af ærumeiðandi ummælum, sem nefndur prófastur hafði við haft um Guðmund sáluga hreppstjóra Jónsson i framhaldsvarnarskjali einu, dags. 28. okt. 1896, í sakamáli gegn prófastinum. Var meiðyrðamál þetta höfðað og rekið fyrir gestarjetti Þingeyjarsýslu og dæmt af sama rjetti 11. desbr. f. á. á þann hátt, að Halldór prófastur Bjarnarson skyldi greiða 50 kr. sekt til landssjóðs, eða til vara sætæ 15 daga einföldu fangelsi, svo og greiða 35 kr. í málskostnað. Hin átöldu ummæli voru dæmd dauð og ómerk.

Þessum gestarjettardómi hefur Halldór Bjarnarson skotið til landsyfirdómsins með stefnu 14. aprílmán. þ. á. og krafizt þess, aðallega, að hann verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá gesta-